

Verklýsing “Umbúðir fyrir fluguhjól”

Hver er staðan hjá fyrirtækinu / verkefninu

Fyrirtækið framleiðir og markaðssetur dýrar, hágæða vörur fyrir alþjóðamarkað. Hönnun er einn af hornsteinum fyrirtækisins og mikil vinna hefur verið lögð í vöruna og framleiðsluferla. Fyrirtækið hefur fram að þessu unnið að hönnun, þróun og framleiðslu á fyrsta íslenska fluguveiðihjólinu og er ætlunin að nota þá vöru til þess að koma fótum undir fyrirtækið á erlendum mörkuðum. Byggja upp ímynd og markaði áður en útvíkkað verður í fleiri vöruflokka.

Eitt af þeim verkefnum sem eru í gangi hjá fyrirtækinu er endurskoðun á heildarútliti heimasíðu, bæklingum, nafnspjöldum o.þ.h. sú vinna mun klárlega nýtast við hönnun umbúða.

Hvaða þarfir þarf að uppfylla – tilgangur, kröfur og markmið verkefnis

Nú er notast við einfalda kassa framleidda hér á landi og svo eru límdir á þá límmiðar. Þessi aðferð er ófullnægjandi og endurspegla ekki þá ímynd sem við viljum byggja kringum vöruna. Umbúðir utan um vöruna, sem eru umhverfisvænar og standast kröfur okkar er varðar útlit og gæði, eru algjört lykilatriði áður en farið verður að selja vöruna á erlendum markaði.

Markmið og tilgangur er eftirfarandi:

- Umbúðir þurfa að vera í nokkrum litum, söluvænar og nothæfar sem útstilling í búðargluggum.
- Verja hjólin við geymslu, vera vatns / rakaheldar.
- Umbúðir þurfa að verja hjólin í flutning til og frá veiðistað.
- Umbúðir þurfa að verja hjólin fyrir ryki o.þ.h. þegar keyrt er milli veiðistaða og hjólin fest með stangarhöldum á farartæki.
- Þola alþjóðlegan flutning.

- Hjólin eru með lífstíðarábyrgð. Umbúðir þurfa að endurspegla það, þótt taka verði inni reikninginn eðlilega notkun. Sýnileg notkun/slit er í lagi og eðlilegt. Umbúðir eldast eins og góðar gallabuxur gera.
- Létt. Mega ekki vera íþyngjandi í burði eða meðhöndlun
- Umhverfisvæn. Nota endurnýtanleg efni og lágmarka „fótspor“ Fossadals á náttúruna.
- Allt þetta þarf að gera miðað við framleiðslukostnað að hámarki 4EUR.

Hver er staða á markaði, samkeppni, viðskiptavinir

Fossadalur er eini framleiðandinn á fluguhjólum á Íslandi og fram til þessa hafa viðskiptavinir hér á landi verið einstaklingar, veiðivöruverslanir og fyrirtæki. Samkeppni erlendis er mikil og því algjört lykilatriði að skapa sér einnig sérstöðu er varðar umbúðir.

Viðskiptavinir eru:

- Vel stæðir atvinnuveiðimenn sem veiða fersksvatns og sjávarfiska á flugu árið í kring
- Betur stæðir einstaklingar, umhverfissinnaðir
- Fyrirtæki ýmiskonar

Markhópurinn

Fyrir hvern er hönnunin / varan, til hvers á hún að höfða. Hverjir eru væntanlegir kaupendur.

Umhverfissinnaðir fluguveiðimenn af báðum kynjum og á öllum aldri.

Meginsölupunktur

Hvað hefur þessi vara sem gerir hana eftirsóknarverða. Hvað er merkilegt við þessa vöru, hvernig er hún frábrugðin öðrum sambærilegum

Hér verður ekki farið út í tæknilegar útskýringar á hvað þessi vara hefur umfram aðrar samskonar / sambærilegar á markaði og/eða er frábrugðin.

Einn megintilgangur og markmið við framleiðslu á vörunni er að viðskiptavinurinn eignist staðar og/eða persónugerð vöru sem ekki er fjöldaframleidd í Kína. Framleiðslan verður einskorðuð við t.t. lítið magn, minna en 10 þúsund hjól á ári. Ætlunin er að halda utan um hvern og einn viðskiptavin sem einskonar fjölskyldumeðlim um leið og hann eignast hjól með þar til gerðum skjölum undirrituðum af hönnuði / framleiðanda hjólanna.

Við framleiðslu á vörum félagsins er þess í hvívetna gætt að skilja eftir sem fæst fótspor í umhverfinu og við hönnun og efnisval er haft til hliðsjónar að varan eigi að endast eiganda ævilangt.

Fluguveiðihjólin frá Fossadal eru í háum gæðaflokkir og þ.a.l. í hæsta verðflokki. Ef dregin eru saman í þrjá þætti helstu markmið framleiðanda

- Góð þjónusta, bæði eftir sölu og fyrir
- Mikil gæði – löng ending
- Sanngjarnt verð miðað við gæði og framleiðsluland (fair trade)

Hvenær á varan að fara á markað – helstu dagsetningar og tímamörk

Ætlunin er að fara að selja vöruna á erlendum mörkuðum snemma árs 2009 og því er nauðsynlegt að hraða þessu verkefni eins og frekast er kostur.

Tengiliður fyrirtækisins: Steingrímur Einarsson frkv.stjóri, s. 4562526 og 8483411, steingrimur@wish.is